



Laugavegur 67 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar f.h. DAP ehf., dags. 27. nóvember 2022, ásamt bréfi ódags. um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 67 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulagi, samþykkt 2016



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyra lóðin og byggingin á Laugavegi 67 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 10. desember 2002 með síðari breytingum, meðal annars breytingu, samþykkt 28. janúar 2016, sem gerði ráð fyrir verndun húsa, þar á meðal hús á lóð nr. 67 við Laugaveg.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 67 við Laugaveg er verslunar-og skrifstofuhúsnæði með íbúð á efri hæð, byggt árið 1925 skv. fasteignaskrá. Það er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012*, sem segir að eigendum húsa og mannvirkja, byggð 1925 og fyrr, sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggist breyta þeim, flytja eða rífa. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í risibúð í húsinu.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er, á svæði M1a sem umrædd lóð fellur undir, óheimilt er að breyta núverandi húsnæði, s.s. skrifstofuhúsnæði, íbúðum, verslunarhúsnæði í gististarfsemi. Mögulegt er þó að skilgreina gististarfsemi sem ákveðið hlutfall starfsemi *nýrrar uppbyggingar*, að undangenginni deiliskipulagsgerð, svo lengi sem hún skerði ekki gæði, stærð eða magn núverandi húsnæðis, s.s. skrifstofurýma, íbúða eða verslunarhúsnæðis, sem er fyrir. Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Á svæði M1a er einungis heimil gististarfsemi í flokki I, heimagistingu, sem er gisting á heimili gistisala að hámarki 90 daga, nema annað sé gefið til kynna í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um gististarfsemi og því skal fara að ákvæðum aðalskipulags.

Umrædd eign er á svæði M1a, er ekki hluti af nýrri uppbyggingu og því aðeins leyfð heimagisting í flokki I, 90 daga á ári. Því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í rekstur gististaðar í húsi nr. 67 við Laugaveg, samræmist ekki gildandi aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri